

Kjalnesingur

9. tbl. 13. árg.

Fréttabréf Íbúasamtaka Kjalarness

19. desember 2013

Þetta síðasta blað hverfisblaðsins Kjalnesings á þessu ári er nú í nýjum búningi, prentað á vandaðan pappír og allt í lit. Síðustu ár hefur verið notast við svarthvíta ljósritunarsvél og þá þykir mörgum ekki boðlegt að selja auglýsingar í slík blöð.

Þrátt fyrir að auglýsingamarkaðurinn á Kjalarnesi sé takmarkaður var vel tekið í að styrkja þetta blað með auglýsingum sem að þessu sinni greiða stærsta hluta útgáfukostnaðar þessa blaðs. Hugsanlega verður það til þess að við látum áfram á það reyna að gefa út færri en vandaðri blöð.

Áætlað er að næsta blað komi út í byrjun febrúar eftir að við höfum endurmetið möguleika blaðsins til að standa undir útgáfukostnaði.

Í blaðinu er mikið af fréttum og upplýsingum eins og um væntanlegt aðstöðuhús við Brautarholtskirkju, fréttir frá

sögufélaginu Steina, kvenfélaginu Esju, Björgunarsveitinni og Klébergsskóla. Íslenskuverðlaun ungafólksins féllu í skaut kjalneskrar ungmeyar og þá barst okkur efni úr ljóðakistu leikskólans. Jólahugvekjan er á sínum stað og fréttir eru af afar áhugaverðum breytingum hjá ungmennafélagi Kjalnesinga.

Auglýsingar eru fyrirferðameiri en áður. Hin árlega skötuveisla Sigga kokks verður nú laugardaginn 21. desember, þannig að hagstætt er að fara í skötuveisluna þegar komið er frá því að velja og höggva sitt eigið jólatré að Fossá.

Um leið og Kjalnesingur hvetur alla til að styðja við Björgunarsveitina Kjöl í fjáröflun þeirra við flugeldasöluna. með því að kaupa flugeldana hjá þeim, hvetjum við alla til stuðnings við þá fjölmörgu sem krydda tilveru okkar með fjölbreyttu framlagi til mannlífsins á Kjalarnesi.

ÁH



Íbúasamtök Kjalarness óska Kjalnesingum
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári

Kjalnesingur

Útgefandi: Íbúasamtök Kjalarness
Ábyrgðarmaður: Ásgeir Harðarson
Netfang: kjalnesingur@kjalarnes.is

Hverfisblaðið Kjalnesingur

Við fögnum öllu efni sem berst til okkar og reynum eftir föngum að birta það við fyrstu hentugleika.

Þá eru allar auglýsingar afar vel þegnar einkum ef smávægilegur útgáfustyrkur fylgir með.

Meira er lagt í þetta jólablað hverfisblaðsins Kjalnesings en oft áður. Leitað var til fjölmargra um stuðning og árangurinn er veglegt tölublað prentað á góðan pappír og allt í lit.

Miðað er við að útgáfu næsta blaðs verði um mánaðarmótin janúar febrúar á næsta ári. Kjalnesingur óskar lesendum sínum gleðilegra jóla með nýjárs- og friðaróskum.



Alltaf má hafa samband við okkur á netfangið: ik@kjalarnes.is og síma Fólkvangs 662 5566



Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg styrkir útgáfu Kjalnesing.

Stjörnuegg og
Stjörnugrís á
Vallá Kjalarnesi
senda öllum
Kjalnesingum bestu
jóla og nýjársóskir.



STJÖRNUGRÍS HF
SALTVEIK - KJALARNESI - 116 REYKJAVÍK
SÍMI 531 3000 - FAX 586 8284



Ábending um lausagöngu hunda

Borið hefur á lausagöngu hunda í Grundarhverfi þar sem þeir eru í einhverjum tilvikum að veitast að fólki. Hlutaðeigandi eru beðnir um að taka á þessum málum og virða reglur um hundahald.

Kjalarnes á fésbókinni



Vakin er athygli á fésbókarhópum sem tengjast Kjalarnesi. Einn heitir Kjalarnes og önnar Grænt Kjalarnes. Þessir hópar eru öllum opnir og mjög góðir til skoðanaskipta um fjölmörg málefni. Auk þess eru íbúasamtökin með fésbókarsíðuna Kjalarnes.is. Við hvetjum alla Kjalnesinga til að nýta sér þessa samskiptamáta.

Kvenfélagið Esja

Fastir fundir verða í Fólkvangi annan miðvikudag í mánuði kl 20:00

60+ Kaffi- og spjallklúbbur

Erum komin í frí fram yfir áramót. Hittumst næst kl. 15 - 17 í Fólkvangi fimmtudaginn 9. janúar.

Netfangalistinn "á döfinni"

Íbúasamtök Kjalarness hafa haldið utan um póstlista sem telur yfir 300 netföng hjá íbúum á Kjalarnesi.

Þessi netfangalisti er nýttur til að koma skilaboðum til íbúa eða vekja athygli á viðburðum á Kjalarnesi. Ef þú hefur ekki fengið póstinn "á döfinni" frá ÍK á síðustu vikum ertu ekki á þessum póstlista.

Með því að senda póst á ik@kjalarnes.is merktur "póstlisti" verður netfang þitt skráð á þennan lista.

Skráðu þig á póstlistann

Vefur okkar Kjalnesinga www.kjalarnes.is sendir sjálfkrafa út raf-póst til þeirra sem skrá sig á póstlistann þegar fréttir eða tilkynningar eru ritaðar á vefinn. Viljum við hvetja alla sem áhuga hafa á umhverfi sínu og samfélagi að skrá sig á póstlistann.

Vinsamlegast sendið okkur póst á kjalnesingur@kjalarnes.is og óskið eftir að verða skráð á póstlistann.

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru-borðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffiu Sóleyju í síma 662 5566.

Veldu jólatré í skógi

Jólatrjáasala að Fossá í Hvalfirði

Hefð hefur skapast fyrir því að Fossá Skógræktarfélag bjóði fólki að koma og velja sér jólatré til kaups úr skógræktinni að Fossá í Kjós og með því aðstoðað við grisjun á svæðinu.

Þessi þáttur hefur verið einn af megin stólpum í fjármögnun Fossá Skógræktarfélags undanfarna áratugi.

Skógræktarfélag Kjalarness ásamt skógræktarfélagunum í Kjós, Mosfellsbæ og Kópavogi eru eigendur að Fossá.

Allir eru hvattir til að gera sér ferð upp að Fossá og velja sér fallett jólatré því um leið og notið er úti-verunnar er verið að styrkja skógræktarstarfið og efla Skógræktarfélag Kjalarness.

Opið verður
laugardaginn 21. des.
kl. 10 — 15



Kvenfélagið Esja
óskar Kjalnesingum og öðrum velunnurum
félagsins
gleðilegra jóla, árs og friðar.
Þökkum stuðninginn á árinu sem er að líða.

Jólaljósín

Séra Gunnar Kristjánsson, sóknarprestur á Reynivöllum í Kjós

Jólaguðspjallið er hvort tveggja í senn: ævaform frásögn sem aldrei breytist og er alltaf eins en jafnframt saga sem finnur sér farveg í hugarheimi hverrar kynslóðar og raunar hvers menningarumhverfis og talar til nýrrar aldar með nýjum hætti. Áhugavert er að skyggjast aftur í tímann og virða fyrir sér jólahald á íslenskum sveitabæ fyrir meira en einni öld norður á Ströndum. Þetta er sígild frásaga bóndakonunnar Guðbjargar Jónsdóttur frá Broddanesi á Ströndum, kafli í bók hennar Gamlar glæður.

Mikið hlakkaði jeg til aðfangadagskvöldsins; þá fjekk jeg að fara í bestu fötin sem jeg átti til, og mjer fanst jeg vera ákaflega fín, en um það hugsaði jeg mikið. Þegar búið var að kveikja og allir höfðu haft fataskifti, fór móðir mín fram í stofuloft til að sækja kertin. Hún gaf öllum á bænum tvö kerti, eins fólkinu á búi systur minnar. Síðari árin var hjer tvíbýli. Faðir minn fjekk tvö kerti eins og aðrir, þó að hann væri blindur. Jeg man hvað hann var sviphýr, þegar hann var að handleika kertin, sem móðir mín gaf honum.

Þegar allir voru búnir að fá kertin, fjölgaði ljósunum í baðstofunni. Nú voru blessuð jólin komin. Sumt fólkið kveikti á kerti og fór að lesa í bók. Aðrir tóku skrifpúltin sín og fóru að skrifa. Nú höfðu allir nóga birtu, nema faðir minn; þó var enginn glaðari en hann; verið getur að hann hafi einhverstaðar átt stærra ljós en við hin. Lýsislampinn í dyrastafnum hætti nærri að bera birtu, kóngakertin á

borðinu yfirgnæfðu birtu hans. Kertaljósin voru svo hrein og fögur. Ljósafjöldinn hefur vafalaust mikið stuðlað að því að gera jólin svo dýrðleg sem þau voru í huga manna. Þessi smáljós, sem lýstu í lágun híbýlum dauðlegra manna, mintu á stóra alheimsljósið: barnið í jötunni.

Það segir sína sögu hversu mikið rými undirbúningur jóla- nna fær, ekki aðeins matargerð heldur einnig kertagerðin á heimilinu. Þegar jólin runnu upp var svo kveikt á kertunum, allir fengu kerti og gamli bærinn ljómaði. Hann var upplýstur þetta eina kvöld ársins og ekki aðeins þetta eina kvöld heldur nóttina alla. Ljósið og jólin héldust í hendur. Minningin um gleðina sem skein úr augum fólksins þegar kveikt var á kertunum fylgdi Guðbjörgu alla ævi. Einkum minnst hún föður síns, sem var blindur, í því samhengi. Þrátt fyrir blindu sína naut hann þess að hafa kerti í höndum og finna hitann frá loganum, finna lyktina af brennandi kertinu. „Enginn var glaðari en hann“ segir Guðbjörg.

Í lok þessarar lýsingar af því þegar kveikt var á kertunum er svo þessi dýrmæta setning sem dregur allt saman í fá- ein orð: Þessi smáljós, sem lýstu í lágun híbýlum dauðlegra manna, mintu á stóra alheimsljósið: barnið í jötunni.

Gleðileg jól!

Sunnudagaskólinn í Brautarholtskirkju

hefst á nýju ári þann 19. janúar.

Það verður gaman hjá okkur í vetur. Sungið verður fullt af skemmtilegum lögum og hlustað á fræðandi biblíusögur.

Verið öll hjartan- lega velkomin!

Nánari upp- lýsingar eru á baksíðu Kjalnesings og undir liðnum “Á Döfinni” á www.kjalarnes.is.



Kveðja,
Rannveig Iðunn og Palli Helga

Messur um hátíðarnar

Brautarholtskirkja á aðfangadag

Við aftansöng í Brautarholtskirkju kl. 17 á aðfangadag syngja félagar úr Karlakór Kjalarness. Brynhildur Ásgeirs- dóttir leikur á þverflautu og organisti er Páll Helgason. Sr. Gunnar Kristjánsson þjónar fyrir altari.

Saurbæjarkirkja að kvöldi aðfangadags

Helgistund kl 22 sem sr. Gunnar Kristjánsson leiðir

Reynivallakirkja á jóladag

Hátíðamessa kl. 14 á jóladag. Kirkjukór Reynivallasóknar syngur undir stjórn Páls Helgasonar organista. Ásdís Aðalbjörg Arnalds syngur einsöng og Brynhildur Ásgeirs- dóttir leikur á þverflautu. Sr. Gunnar Kristjánsson þjónar fyrir altari.

Útvarpsmessa í Brautarholti annan dag jóla

Hátíðarmessa verður í Brautarholtskirkju kl. 11 á annan í jolum. Kvartett skipaður Anna Sigríður Helgadóttir, Svava Kristín Ingólfssdóttir, Hlöðver Sigurðsson og Sæberg Sigurðsson syngur undir stjórn Arnhildar Valgeirsdóttur. Gréta Hergils Valdimarsdóttir syngur einsöng. Ágústa Dómhildur Karlsdóttir leikur á fiðlu og Einar Jóhannsson leikur á klarinett. Organisti er Arnhildur Valgeirsdóttir. Sr. Gunnar Kristjánsson þjónar fyrir altari. Messunni verður útvarpað.

Aðstöðuhús í auglýsning!

Brautarholtskirkja á Kjalarnesi er ein af elstu timburkirkjum sem varðveist hafa hér á landi byggð árið 1857 og er kirkjan því alfriðuð. Tilfinnanlega vantar lágmarks aðstöðu við kirkjuna. Engin salernisaðstaða er í eða við kirkjuna, ekkert skróðhús og engin aðstaða fyrir tæki og áhöld

merkum sögustað sem bæði er tengdur upphafi kristni á Íslandi og þjóðskáldinu sr. Matthíasi Jochumssyni.

Afar mikilvæg viðurkenning fyrir þessu verkefni fékkst nú á dögunum þegar Jöfnunarsjóður sókna veitti fjármunum til að hefja þessa framkvæmd. Þrátt fyrir að aðeins væri um



hvorki fyrir kirkjuna eða kirkjugarðinn.

Nokkur undanfarin ár hefur verið unnið að hugmyndum um lausn þessa vanda og fékk sóknarnefnd því Árna Kjartansson arkitekt hjá Glámu Kím til að hanna hús með lágmarks aðstöðu. Gerð var krafa um að húsið félli afar vel að útliti kirkjunnar en þjónaði sem aðstöðuhús bæði fyrir kirkju og kirkjugarð. Með þessu húsi væri komin framtíðarlausn á helgihaldi við Brautarholtskirkju sem þá getur um ókomna tíð þjónað sem fögur umgjörð um minni helgiathafnir á

brot af kostnaðaráætlun að ræða lítur sóknarnefnd svo á að yfir-gnæfandi líkur séu á áframhaldandi styrkveitingu til þessa verkefnis. Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 23,5 milljónir en miðað er við að sóknin fjármagni verulegan hluta af verkefninu.

Fjárhagsstaða sóknarinnar er nokkuð sterk og því hefur verið ákveðið að hefjast strax handa og óska eftir framkvæmdaleyfi og miða við að framkvæmdir geti hafist að vori.


ÁH

Skötuveisla í Fólkvangi laugardaginn 21. desember

Húsið er opið frá klukkan 12:00 til 21:00

Verð 3.000 krónur á mann

Upplýsingar eru í síma 861-7521



Starfsemi UMFK á Kjalarnesi

Kynning á íþróttaafulltrúa

Kæru Kjalnesingar,

Ég heiti Halldór Lárusson og er nýr íþróttaafulltrúi og þjálfari UMFK. Mig langaði að nota tækifærið og kynna ykkur örlítið bæði fyrir sjálfum mér og íþróttastarfinu nk. misseri. Ég kem úr Mosfellsbænum þar sem ég er fæddur og upp-alinn. Ég byrjaði snemma að æfa íþróttir hjá Aftureldingu og þar af var ég lengst í frjálsum íþróttum sem ég æfði í yfir tuttugu ár. Á þeim tíma tókst mér að verða Íslands-meistari a.m.k. tuttugu sinnum, var meðlimur í Landsliði Íslands á árunum 2004-2008, valinn íþróttamaður Mosfellsbæjar 2005 og 2006 og íþróttamaður Aftureldingar árin 2004-2006. Sjálfur hætti ég keppni árið 2008 en hef síðan þá og reyndar í lengri tíma starfað sem þjálfari í frjálsum



íþróttum og við styrktarþjálfun fyrir mismunandi íþróttagreinar. Þá hef ég einnig í gegnum tíðina stundað margar aðrar íþróttir s.s. fótbolta, handbolta, golf og badminton og í gegnum nám mitt öðlast reynslu í þjálfun flest allra íþróttar en ég er útskrifaður íþróttifræðingur frá Háskólanum í Reykjavík.

Hvað varðar íþróttastarf UMFK á næstu önn höfum við ákveðið að bjóða áfram upp á þær íþróttagreinar sem í boði voru fyrir áramót auk þess að bæta við knattspyrnu. Þá yrði einnig gaman að geta boðið upp á nokkur styttri námskeið yfir önnina ef áhugi verður fyrir hendi og gefa þannig iðkendum tækifæri til þess að kynnst fleiri íþróttagreinum. Ég legg mikið upp úr því að iðkendur fái að spreyta sig í sem flestum greinum og hafi gaman af ásamt því að leggja sig fram.

Ég hlakka mikið til þess að kynnst ykkur á komandi ári og vonast eftir ánægjulegu samstarfi.

Bestu kveðjur,

Halldór Lárusson s:778-5500 if@umfk.is

Æfingatafla UMFK - Íþróttahúsið á Klébergi - vor 2014

Tími	Mánudagar	Tími	Þriðjudagar	Tími	Miðvikudagar	Tími	Fimmtudagar	Tími	Föstudagar	Tími	Laugardagar
11:15-12:00	Íþróttafjör (1.-4. bekkur)	11:15-12:00	Íþróttafjör (1.-4. bekkur)	11:15-12:00	Íþróttafjör (1.-4. bekkur)	11:15-12:00	Íþróttafjör (1.-4. bekkur)			11:00-12:00	Fjölskyldu tími, allir velkomnir
14:45-15:45	Frjálsar yngri (1.-4. bekkur)	14:45-15:45	Fitness 5-7 bekkur	14:45-15:45	Frjálsar yngri (1.-4. bekkur)	14:45-15:45	Fitness 5-7 bekkur				
16:00-16:45	Íþróttaskóli (3-5 ára)	15:45-16:45	Fitness 8-10 bekkur	15:45-16:45	Frjálsar eldri (5.-10. bekkur)	15:45-16:45	Fitness 8-10 bekkur				
16:45-17:45	Frjálsar eldri (5.-10. bekkur)	16:45-17:45	Knattspyrna 1-4 bekkur	17:00-18:00	Félagsmiðstöð Miðstígg	16:45-17:45	Knattspyrna 5-10 bekkur				
						19:00-20:00	Félagsmiðstöð Unglingadeild				

Íþróttaafulltrúi og þjálfari UMFK er Halldór Lárusson, if@umfk.is, sími: 778-5500

- Æfingar hefjast 6. janúar
- **Vetrafrí** - 20. og 21. febrúar
- **FRÍ** - 5. mars - ÖSKUDAGUR
- **Páskafrí** er frá 14. apríl til og með 21. apríl
- **FRÍ** 24. apríl - Sumardagurinn fyrsti
- **FRÍ** 1. maí
- **Æfingum** líkur 16. maí



Verð 30 þúsund kr. fyrir allar æfingar 2014

Íþróttaskóli 3-5 ára 10 þúsund kr. önnin

Aukin þjónusta – einfaldari greiðslumáti

Ágætu Kjalnesingar og nágrennar.

Ungmennafélag Kjalnesinga ætlar að taka upp á nýbreytni fyrir allt árið 2014 með innheimtu æfingagjalda. Við vonum að þetta verði til hagsbóta fyrir alla og krakkarnir sem iðka hjá okkur hafi fleiri tækifæri á að mæta til okkar án þess að skrá sig í einhverja sérstaka íþróttagrein, með öðrum orðum, allir þeir sem skrá sig hjá UMFK, mega mæta í allar þær greinar sem boðið er uppá hjá UMFK í sínum aldursflokki.

Sem dæmi má nefna: Barn sem skráir sig í íþróttafjör (1.- 4. bekkur) fyrir hádegi á skólatíma má einnig mæta í aðrar greinar sem boðið er uppá fyrir sama aldur t.d. eins og frjálssar sem voru nú á haustönn. Við höldum og vonum að þetta sé einungis til að auka þjónustuna og að ungmenni á Kjalarnesi og nágrenni hafi ákveðið svigrúm til að iðka íþróttir, en þetta verður innheimt í gegnum Rafræna Reykjavík. Foreldri/forráðamaður ráðstarfar öllum frístundastyrknum fyrir árið 2014 sem myndi dekkja íþróttidkunn barnsins fyrir vor- og haustönn 2014. Þess má geta að sumarnámskeið UMFK fellur ekki undir þetta. Þannig að við erum í raun að tala um ca. 9 mánaða íþróttaiðkunn fyrir 30.000 kr. en frístundakortið mun hækka í þá upphæð fyrir árið 2014.

Ferlið er þannig:

Foreldri forráðamaður skráir sig hjá UMFK um að barnið ætli að iðka íþróttir hjá UMFK árið 2014. Foreldri/forráðamaður fer inn í Rafræna Reykjavík og ráðstarfar öllum frístundastyrknum fyrir árið 2014, eða að upphæð 30.000 kr. Með því hefur barnið ótakmarkaðan aðgang að íþróttagreinum UMFK fyrir árið 2014 í sínum aldursflokki. Ef barnið hættir að iðka æfingar gilda sömu reglur og gilda í dag, barnið fær ekki endurgreitt og hefur aldrei verið

hægt að endurgreiða hluta af frístundastyrk sem er út-hlutaður til baka til foreldra/forráðamanna. Nema UMFK ætlar að vera með undantekningu þó. Ef barn hættir eftir vorönn 2014 og ákveður að fara í aðra íþrótt- eða tómstunda-grein innan Reykjavíkur (sem sagt verður að falla undir reglur frístundakortsins) haustið 2014, endurgreiðir UMFK 15.000 kr. til viðkomandi barns með þeim hætti þó að greiðslan fer beint til viðkomandi aðila sem barnið ætlar að iðka hjá.



Sem dæmi: Barn sem ákveður að fara í tónlistarskóla þar sem frístundakortið gildir, leggur UMFK 15.000 kr. (hálf gjaldið) beint inn á viðkomandi tónlistarskóla en ekki inn á reikning forráðamanns barnsins. Það er einfaldlega ólöglegt.

Við hjá UMFK vonum að allir þeir sem iðka hjá okkur líti á þetta sem aukna þjónustu og einfaldi innheimtuferlið til muna. Í raun þarf engin sem iðkar íþróttir hjá UMFK að leggja út neina fjármuni, þeir koma allir í styrktarformi Reykjavíkurborgar. Við teljum okkur vera fyrsta félagið sem getur boðið upp á þessa þjónustu og vonum við að iðkendur, forráðamenn sem og aðrir taki vel í þetta tilboð okkar og við eigum eftir að sjá iðkendafjöldann aukast hjá okkur á komandi ári.

Ef eitthvað er óskýrt getið þið haft samband við stjórn UMFK eða íþróttafulltrúa

Með von um gott, ódýrt en umfram allt, skemmtilegt samstarf.

Stjórn UMFK

Við óskum Kjalnesingum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum ánægjulegt samstarf og veittan stuðning árinu sem senn er liðið.

Jólaþveðja Ungmennafélag Kjalnesinga



STJÖRNUGRÍS HF

SALTVÍK – KJALARNESI – 116 REYKJAVÍK
SÍMI 531 3000 – FAX 586 8284



Björgunarsveitin Kjölur

Árið sem senn er að líða, hefur að venju verið annasamt hjá björgunarsveitinni. Smæð hennar hamlar á engan hátt virkni, nema síður sé.

Útköll, sem sveitin hefur tekið þátt í, eru orðin 35 það sem af er ári og flokkast þau helstu í; leitir, óveðursaðstoð, bráðaveikindi og slys. Björgunarsveitin Kjölur er vibragðs-aðili Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins vegna bráða-



Brynjar, Bjarki og María með nýja fyrstu hjálpar búnaðinn

veikinda og slys á Kjalarnesi og í Kjós. Nokkur útköll af því tagi hafa verið síðustu vikunnar og björgunarsveitin

oftast fyrst á vettvang.

Á árinu var tekið þátt í landsæfingum á landi og sjó á vegum Slysavarnafélagsins Landsbjörg og alþjóðlegri björgunaræfingu á Grænlandi. Námskeið, fundir, vinnukvöld og fjáraflanir eru fastir liðir yfir vetrartímann og hálendisvakt staðin á sumrin.

Á dögnum fékk björgunarsveitin styrk frá ýmsum aðilum til kaupa á fyrstu hjálpar búnaði sem nýtast mun við að búa um slasaða. Búnaðurinn samanstendur af dýnu og spelkum, sem hægt er að lofttæma og láta þannig styðja við útlím eða sjúkling allan. Dýnan er sérstaklega hentug ef flytja þarf fólk liggjandi langa eða torfæra leið.

Smíðuð hefur verið kerra fyrir fjórhjól björgunarsveitarinnar og von er á gamla góða Ford Econoline úr yfirhalningu á innréttingu á næstu dögum.

Framundan er flugeldasalan sem er skemmtilegt en krefjandi verkefni, því sinna þarf úköllum samhlíða sölu-mennsku. Biðjum við Kjalnesinga og Kjósverja að styðja við bakið á sinni björgunarsveit og versla flugelda í heimabyggð. Sölugámur verður staðsettur við áhaldahúsið á Kjalarnesi og opið öll kvöld fyrir gamlársmiddag til kl 22, sjá auglýsingu á baksíðu Kjalnesings.

Allur ágóði mun nýtast til uppbyggingar og eflingar sveitarinnar.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Björgunarsveitin Kjölur

Flugeldasýningin

Björgunarsveitin óskar eftir styrktaraðilum að flugeldasýningunni á gamlárskvöld

Undanfarin ár hefur björgunarsveitin Kjölur boðið upp á flugeldasýningu við brennuna á Klébergi á gamlárskvöld.

Kaup, uppsetning og framkvæmd sýningarinnar hefur verið á ábyrgð sveitarinnar en nú svo komið að sveitin stendur ekki ein undir kostnað við kaup á sýningarvöru.

Peir sem hafa tök á að aðstoða sveitina við kostun sýningarinnar, hafi samband í síma 6168493 (Anna) eða 8933568 (Árni).




**Munið netfangalista
Íbúasamtaka Kjalarness**





**Vistvæn brún egg
úr frjálsum hænum.**

**Bragðgóð, holl og
frábær í baksturinn.**



*Kaupið
framleiðslu
úr heimabyggð*

BRÚNEGG ÞESSI Í GRÆNU BÖKKUNUM

Sögufélagið Steini

Félagsmenn hafa ekki setið auðum höndum undanfarið. Lokið hefur verið við fimmta upplýsinga- og fræðsluskiltið, það þriðja sem sett verður upp á Klébergi á næsta ári. Við Esjuskála stendur nú þegar skilti um sögu Kjalarneshrepps, þ.e. hluta hans, við Sjávarhóla er komið fræðsluskilti um jarðsögu Esjunnar og örnefni. Á Klébergi eru komin tvö fræðsluskilti, annað fjallar um sögu skólans og aðra starfsemi á svæðinu ásamt örnefnamynd og hitt skiltið fjallar um Kjalnesinga sögu. Á fimmta skiltinu verður stutt ágríp af sjávar- og búskaparháttum á Kjalarnesi í gegnum tíðina, auk örnefnamyndar.

Sögufélagið mun líklega halda áfram skiltagerð ef aðstæður leyfa en hefur nú hug á að halda uppákomu um það leyti sem sól hækkar á lofti. Það verður auglýst nánar síðar.



Esja á Esjubergi var talin forn í brögðum.
Teikning: Fríða Theodórsdóttir, 2012

Ef einhver vill koma einhverjum ábendingum, athuga-semdum eða spurningum á framfæri til Sögufélagsins þá endilega hafið samband, Hrefna S. Bjartmarsdóttir: netfang: hsb3@hi.is

Við minnum á vef félagsins <http://kjalarnes.is/saga>

Íslenskuverðlaun ungarfólksins

Íslenskuverðlaun unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík voru veitt í Hörpunni nýverið. Verðlaunahafi frá Klébergsskóla var Karítas Eldeyjarðóttir en hún var tilnefnd fyrir "glæsilega rithönd og frágang verk efna og að vera skapandi og taka oft af skarið í rök-ræðum í kennslustund."



Frú Vigdís Finnbogadóttir og
Karítas Eldeyjarðóttir

Íslenskuverðlaunin voru nú veitt í sjöunda sinn á Degi íslenskrar tungu en markmið þeirra er að auka áhuga grunnskólanema á íslenskri tungu og hvetja þá til framfara í tjáningu og töluðu og rituðu máli.

Verndari verðlaunanna er frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands en verðlaunagripinn hannaði Ingbjörg Hanna Bjarnadóttir.

Klébergsskóli

Síðasti þrífadagur fyrir jól er föstudagurinn 20. desember. Þrifa þarf allar stofur mjög vel og taka allt rusl.

Mæting eftir jólafrí er mánudaginn
6. janúar.
Gleðileg jól!



Kvenfélagið Esja

Kvenfélagið var endurvakið árið 2009 með það að markmiði að styðja við menntun og fræðslu barna á Kjalarnesi. Ýmsar leiðir hafa verið farnar í fjáröflunarmálum og ljóst að félagið nýtur stuðnings Kjalnesinga sem og fyrirtækja á svæðinu.

Félagið hefur á þessum 4 árum

- gefið sundugga til sundkennslu á yngsta stigi
- saumað svuntur til notkunar í heimilisfræði
- gefið skólanum 6 skjávarpa, þar af gaf Stjörnugrís 1
- gefið 2 forvarnarnámskeið fyrir unglingastig
- gefið leikskólanum útielundaráhöld
- styrkt foreldrafélag leikskólans Bergs

Öllum sem áhuga hafa er velkomið að ganga í félagið og taka þátt í þessu gefandi starfi eða styrkja það á annan hátt.

Frá Klébergsskóla



Kvenfélagið Esja ásamt Stjörnugrís færi skólanum að gjöf 100 bækur og eiga fleiri eftir að bætast í safnið þegar búið er að endurprenta þær bækur sem til stóð að kaupa að auki en voru uppseldar. Hallveig kennari og umsjónamaður bókasafns Klébergsskóla afhenti Þorkeli bækurnar á bókasafni skólans. Nemendur koma til með að kunna að meta þessa gjöf en þeir spyrja oft um nýjar bækur sem gefnar hafa verið út. Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.



Óskum öllum Kjalnesingum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Starfsfólk Klébergsskóla og
Íþróttamisðtöðvarinnar á Klébergi



Óskalist óskar
Kjalnesingum
gleðilegra jóla og
farsæls nýárs.
Þökkum samskiptin á liðnu ári.
- Gallerí Búagrund 13 -



Óskum öllum
Kjalnesingum
gleðilegra jóla og
farsæls komandi árs

Sportsól Sólbaðsstofa
Grænatúni 1, Kópavogi
óskar Kjalnesingum
gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári



Kjósarhreppur óskar
íbúum sínum og
fjölskyldum þeirra
farsældar og friðar á
jólum og þakkar
samskiptin á árinu
sem er að líða

Sögufélagið Steini óskar Kjalnesingum
og því fólki, sem stutt hefur félagið með
einum eða öðrum hætti, gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.
Þökkum hlýhug og stuðning í gegnum
árin!

Nuddstofa Guðlaugar
Helgugrund 8,
óskar öllum velunnurum
gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári



Úr ljóðakistu leikskólans

Nú var að koma í ljós að í skúfunni okkar góðu eru nokkur frum-
samin ljóð. Fyrsta ljóðið var samið af núverandi starfsmanni árið
1989, þá 12 ára og sett inn á ljóð.is „og hér er það eins og það
birtist þar þá, með smá leiðréttingu höfundar:

Bestu vinir þrjú við vorum
Hjörtur, Þórhallur og Þurí
tvö við nú erum
en í hjarta okkar hinn þriðji býr ávalt
í hjarta okkar og eilíft mun gera.

Minn ástkæri vinur, en í raun bróðir
við þekktumst vel og lengi.
Þótt þú sért farin frá okkur
munum við ei gleyma þér.

Þakkarastrik við gerðum
og þeim munum við aldrei gleyma
því þú ert okkar vinur
og ávalt mun vera.

Þurí Ósk 1989

Sea City people

In the winter darkness I see the Sea City
Carefully appearing by the bay.
All the houses lighting up the sky
And the mountain catches the heat
And gives it back to the people
Through the warm breeze that embraces them.

The Sea City people learn to
Be soft like the sea,
Think big like the mountain,
Be brave when they walk against the wind
And shine like the lights that light up the little city by the sea.
Höf: Ásdís Hallgrímsdóttir, nóv/ 2013

Þakkir

Ég þakka fyrir blómin sem lykta svo vel
og fuglana sem syngja svo fallega,
sólin sem hlýjar manni
og mánann sem gefur okkur vonarglætu í myrkri
skýin sem sýna okkur myndir á himni
og stjörnur sem glitra á himinhvolfinu.

Ég þakka fyrir vindin sem hvíslar að manni leyndarmáli
og rigninguna sem skolar burt óhreinindi
snjóinn sem breiðir hvítu sæng yfir jörðina
og lognið sem kemur öllu í samt lag aftur.

Ég þakka fyrir tónlistina sem vekur upp minningar
og rituðu orðin sem hljóma svo fallega
hláturinn sem lengir lífið
og lífið sjálft sem er eins og leikrit.

En mest af öllu þá þakka ég fyrir þig
því þú ert vinur minn og vinir eru einstakir
allir á sinn hátt.

Takk. Rannveig Iðunn 29. júní 2006

FLUGELDASALA

Björgunarsveitin Kjölur verður með flugeldasölu á Kjalarnesi

Opnunartímar flugeldasölunnar á gámaplani við áhaldahús

28. des kl 13 – 22

29. des kl 13 – 22

30. des kl 13 – 22

31. des kl 10 – 16

Styrkjum sjálfboðastarf björgunarsveitar í heimabyggð

Óskum íbúum Kjalarness og Kjósar gleðilegra jólahátíðar

Björgunarsveitin Kjölur



Helgiöld í Brautarholtssókn

Aðfangadagur kl. 17:00 - Aftansöngur í Brautarholtskirkju

Aðfangadagskvöld kl. 22:00 - Helgistund í Saurbæjarkirkju

Annar dagur jóla kl. 11:00 - Hátíðamessa í Brautarholtskirkju, verður útvarpað

Gamlársdagur kl. 17:00 - Aftansöngur í Brautarholtskirkju

12. janúar kl. 11:00 Guðspjónusta í Brautarholtskirkju

19. janúar kl. 11:00 Sunnudagaskólinn í Brautarholtskirkju

26. janúar kl. 11:00 Guðspjónusta í Brautarholtskirkju



Reynivallakirkja í Kjós:

Hátíðamessa á jóladag kl. 14

Einsöngur: Ásdís Aðalbjörg Arnalds

Pverflauta: Brynhildur Ásgeirsdóttir

Organisti: Páll Helgason,

Gunnar Kristjánsson
sóknarprestur